

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflatir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:

- | | |
|---|------------|
| 1. Gróðurhús 100 m ² og stærri | kr. 900,00 |
| á mánuði fyrir hvern aðalhemil. | |
| 2. Önnur hús | kr. 360,00 |
| á mánuði fyrir hvern aðalhemil. | |

b) Vatnsgjöld:

- | | |
|------------------------------------|------------|
| 1. Gróðurhús | kr. 213,00 |
| á mánuði fyrir hvern mínútulíttra. | |
| 2. Önnur hús | kr. 594,00 |
| á mánuði fyrir hvern mínútulíttra. | |

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín til greiðslu í hverjum mánuði og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

6. gr.

Heimæðargjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	kr. 57 170,00
Hús 300—2000 m ³ að utanmáli	kr. 57 170,00
fyrir 300 m ³ og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 53,00
Hús stærra en 2000 m ³ að utanmáli	kr. 130 000,00
fyrir 2000 m ³ og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 35,00
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisheimil umfram einn á sama inntaki	kr. 4 500,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 110,8 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 180,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafa fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júní 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 580, 22. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.